

Þriðjudaginn 23. febrúar 1993.

Nr. 85/1993. **Fataframleiðendur hf.**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Kærumál. Dómar. Vanhæfi hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. febrúar 1993, sem barst réttinum 18. sama mánaðar. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fulltrúa dómstjórans í Reykjavík, Kolbrúnu Sævarsdóttur, verði gert að víkja sæti í málinu.

Af hálfu varnaraðila hafa ekki borist kröfur.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar samkvæmt heimild í 2. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að krafist hafi verið úrlausnar héraðsdómara um þá árangurslausu aðfarargerð í eignum sóknaraðila 16. nóvember 1992, sem beiðni varnaraðila um gjaldþrotaskipti byggist á, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 um aðfö. Þá hefur sóknaraðili ekki mótað skýr andmæli gegn því, að skilyrðum til gjaldþrotaskipta á búi hans sé fullnægt.

Sóknaraðili virðist einkum reisa kröfu sína á því, að héraðsdómari hafi ekki gætt jafnræðis aðila fyrir dómi og dragi taum varnaraðila. Engin haldbær rök hafa komið fram fyrir þessari fullyrðingu. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 2. febrúar sl.

Skiptabeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849.

Skuldari er Fataframleiðendur hf., kt. 441089-1399, Borgartúni 22, Reykjavík.

Krafa Fataframleiðenda hf. er, að dómari víki sæti í máli þessu.

Krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík er, að kröfu Fataframleiðenda hf. verði hafnað.

II.

Með bréfi, er barst Héraðsdómi Reykjavíkur 23. desember 1992, hefur Gjaldheimtan í Reykjavík gert kröfu um, að bú Fataframleiðenda hf., kt. 441089-1399, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Krafa skiptabeiðanda var fyrst tekin fyrir á dómþingi 27. janúar sl. Mætt var af hálfu skuldara og mótmælt, að krafan yrði tekin fyrir, þar sem dómari hefði ekki gætt skilyrða 2. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991 um framlagningu skiptatryggingar. Taldi skuldari, að krafan um gjaldþrotaskipti væri fallin niður, og krafðist úrskurðar um það atriði. Dómari frestaði málinu til 2. febrúar 1993 til að taka afstöðu til fram kominnar kröfu skuldara. Í því þinghaldi lýsti dómari yfir því, að hann teldi ekki ástæðu til að verða við kröfu skuldara um úrskurð. Samkvæmt 2. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991 væri það allsendis háð mati dómara, hvort skiptabeiðanda bæri að leggja fram tryggingu fyrir skiptakostnaði. Ágreiningur um framlagningu tryggingar sneri eingöngu að skiptabeiðanda, og gæti hann einn krafist úrskurðar um það atriði. Þá væri þess að geta, að í máli þessu hefði þegar verið lögð fram trygging af hálfu skiptabeiðanda. Hefði það verið gert við lok þinghalds 27. janúar sl., líkt og framkvæmdavenja sé við embætti Héraðsdóms Reykjavíkur. Af hálfu skuldara var þess þá krafist, að dómari víki sæti í málinu, með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Skuldari virðist reisa kröfa sína um frávíkningu dómara á tveimur máls-ástæðum, annars vegar á því, að dómari sé vanhæfur vegna ákvörðunar sinnar um að halda málinu áfram þrátt fyrir framangreind mótmæli skuldara við framlagningu skiptatryggingar, hins vegar á því, að dómari sé vanhæfur vegna samtala, er hann átti við framkvæmdastjóra skuldara.

Fyrirsvarsmaður skuldara hefur lagt fram bréf, undirritað af framkvæmdastjóra skuldara, Rut Skúladóttur. Í bréfi þessu kemur m. a. fram, að Rut hafi hringt í dómara, er henni hafði verið birt krafa skiptabeiðanda, Hafi hún skýrt dómara frá því, að galli væri á máltilbúnaði skiptabeið-

anda, bæði að því er varðaði hið árangurslausa fjárnám, er krafa hans væri reist á, svo og kröfufjárhæð. Síðan hafi hún óskað eftir upplýsingum hjá dómara um það, hvernig gangi málsins yrði hagað í framhaldi af fyrirtöku málsins 27. janúar 1993, og möguleika sína á að koma sjónarmiðum skuldara á framfæri. Í bréfi sínu rekur hún ýmsar spurningar, er hún kveðst hafa lagt fyrir dómara, Segir síðan í bréfi Rutar: „Kolbrún vildi ekki svara þessum spurningum, en benti á, að henni bæri að gæta hagsmuna kröfueiganda.“ Þá segir Rut enn fremur í bréfi sínu, að dómari hafi tilgreint, eftir hvaða lögum væri farið og hægt væri að reka ágreiningsmál um ágreiningsatriði, en það frestaði ekki gjaldþrotinu. Þá hafi dómari sagt henni, að unnt væri að fá fresti í máli þessu, en einungis stutta fresti, þar sem fólk misnotaði svo mikið fresti til að vinna tíma. Þá hafi dómari ítrekað, að hann yrði að gæta þess, að réttur kröfuhafa rýrnaði ekki.

IV.

Dómari minnst þess, að Rut Skúladóttir hringdi í hann nokkrum sinnum, viku áður en taka átti kröfu skiptabeiðanda fyrir á dómþingi. Hins vegar virðist dómara, að rangt sé eftir sér haft í umræddu bréfi. Rut Skúladóttir lagði fyrir dómara í símtali sínu afmarkaðar spurningar um kröfu skiptabeiðanda og leitaði eftir áliti hans á kröfunni. Dómari sagði þá, að hann gæti ekki tjáð sig um málið að svo stöddu, eðlilegra væri, að hún sækti þinghaldið og bæri þar fram mótmæli sín að viðstöddum skiptabeiðanda, sem fengi þá um leið tækifæri til að koma fram með sín sjónarmið, en gæta yrði hans hagsmuna líka. Dómari upplýsti síðan Rut um, hvernig farið yrði með málið á væntanlegu dómþingi. Ef aðilar væru sammála um að fresta meðferð málsins, mætti fresta því í allt að mánuð. Ef skuldari hefði hins vegar mótmæli fram að færa gegn kröfu skiptabeiðanda, yrði að reka sérstakt ágreiningsmál um fram komin mótmæli, og ætti þá framangreindur mánaðarfrestur ekki við; einungis væru veittir stuttir frestir til framlagningar greinargerða og annarra gagna. Í ágreiningsmáli þessu væri síðan kveðinn upp úrskurður um, hvort bú skuldara yrði tekið til gjaldþrotaskipta eða ekki. Fullyrðingar Rutar Skúladóttur um, að dómari hafi lagt áherslu á, að gæta yrði réttar kröfuhafa umfram allt, eru rangar. Rut innti dómara eftir lagasjónarmiðum að baki þeirri reglu gjaldþrotalaga, að einungis yrðu veittir stuttir frestir í ágreiningsmálum. Svaraði dómari því þá til, að þar byggi m. a. að baki það sjónarmið, að aðilar gætu ekki tafið mál á frestum, en mál þessi væru þess eðlis, að þau þyrftu að ganga hratt, og hafði dómari þá í huga þau réttaráhrif, sem tengd eru frestegi.

Að virtu framangreindu verður ekki séð, að skuldari hafi fært fram nokkur haldbær rök fyrir því, að dómari sé vanhæfur til að fara með

mál þetta, og er kröfu hans um, að dómari víki sæti í máli þessu, því hafnað.

Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Fataframleiðenda hf. um, að dómari víki sæti í máli þessu, er hafnað.
